

## 97. stjórnarfundur AkureyrarAkademíunnar, 27. september 2011, kl. 17:00

Mætt: Pétur Björgvin Þorsteinsson, Jóhann Ásmundsson, Kristín Þóra Kjartansdóttir og Þóra Pétursdóttir.

1. Fundargerð 96. fundar liggur ekki fyrir. Afgreiðslu frestað til 98. fundar.

2. Styrkumsóknir

- Ákveðið að ritari ljúki við umsókn til Landsbanka annars vegar og KEA hins vegar.
- Minnt á að í október mun Menningaráð Eyþings auglýsa eftir umsóknum.

3. Fyrirlestraröðin í vetur

Dagskrá fyrirlestraraðar 2011 til 2012 lögð fyrir og samþykkt. Texta vantar enn frá tveimur fyrirlesurum en þeir skila í kvöld. Sverrir Páll Erlendsson mun lesa próförk. Stefnt að því að skjalið sé komið á vefinn á morgunn og ljósriti dreift á kennarastofur og víðar fyrir fimmtudagsmorgunn.

4. Laus skrifborð – flutningar

Nokkuð er um breytingar í húsinu og losnar herbergið í horninu á efri hæðinni í vikunni. Ákveðið að setja auglýsingu í næsta blað ef þörf verður á.

5. Netnotkun í húsinu

Samþykkt að gjaldkeri megi skipta um fyrirtæki ef þörf reynist, í öllu falli að ná betri samningum sem ræður við þær sveiflur sem eru í netnotkun á húsinu.

6. Önnur mál

Dagur hússins verður haldinn 13. október næstkomandi að venju. Rætt um að vera með boðskort.

Rætt um að útbúa minnismiða um stöðu Akademíunnar. Hann verður lagður fyrir næsta fund. Nokkrir punktar nefndir sem gætu komið fram þar:

- + sérhæfð fög
- + eini aðilinn sem sinnir háskólamenntuðu fólki
- + samfélagslegt gildi
- + mikilvægi sjálfstæðis
- + auður í samfélaginu
- + Akureyri er menntabær, það þarf að hlúa að því
- + HA sinnir afmörkuðum verkefnum

+ fyrirbyggir frekari spekileka

- Hafa til hliðsjónar Rvíkurakademíu

Formanni falið að biðja um fund með forráðafólki L-listans.

Fram kom að formaður hefur þegar skrifað ráðuneyti og beðið um leiðbeiningar vegna umsókna um fjármagn fyrir árið 2012.

Fundi slitið 18:20

Fundargerð ritaði Pétur Björgvin Þorsteinsson